

4. bekkur

„Leynistaður” fjórða bekkjar er **Bakkatjörn**. Við teljum tjörnina hentugan „Leynistað” fyrir fjórða bekk, þar sem að hún er lengra í burtu en „Leynistaðir” 1.-3. bekkja. Þar er bæði gróður og fuglalíf og ætlum við að leggja aðaláherslu á þessa tvo þætti.

Eins og áður eru forhugmyndir barnanna kannaðar.

- Hvað vita þau um Bakkatjörn?
- Hafa þau farið þangað?
- Hvað er hægt að gera þar?
- Er eitthvað sem þarf að varast?
- Hvaðan kemur nafnið?
- Hvernig myndast tjarnir?
- Hvernig myndaðist hólminn?
- Hver er aðal varpfuglinn í hólminum?
- Hvað eru fuglategundirnar margar?
- Hvaða gróður er við tjörnina?
- Eru fleiri dýr en fuglar við Bakkatjörn?



Haust við Bakkatjörn

Við byrjum á fræðslu eins og hin árin. Þá útbúa börnin kort sem að þessu sinni er mun ítarlegra. Þau gera kort af gönguleiðinni áður en lagt er af stað. Í fyrstu heimsókn athuga þau staðhætti, gróður og dýralíf við Bakkatjörn og gera síðan kort af tjörninni og merkja gróður og dýralíf smám saman inn á kortið.

Þetta gæti verið hópverkefni sem væri unnið í samvinnu við listgreinakennara. Þetta er aðalhaustverkefnið en um vorið gætu börnin bætt við fleiri fuglategundum og gróðri.

Leikir: Látbragðsleikur, leika mismunandi fuglategundir.

Tilraunir: Grafa niður ílát á leynistaðnum, hylja það vel og skoða síðan í næstu heimsókn. Hefur eitthvert dýr sest þar að? Ef svo er tökum við ílátíð með í skólann og greinum hvaða dýr það er.



Vetur við Bakkatjörn

Við ætlum að breyta til og taka strætisvagn að Bakkatjörn í vetrarferðinni. Fyrst þarf að athuga tímatöflu strætisvagnanna, ákveðinn hópur finnur út hvenær þarf að leggja af stað frá skólanum, annar hópur athugar hvað hópurinn þarf að borga, þriðji hópurinn athugar hvenær þarf að leggja af stað til baka.

Umræðuefnið gæti verið:

- Hvert fara fuglarnir?
- Hvaða fuglar hafa vetursetu í hólmanum?
- Hvað borða þeir yfir veturinn?
- Lifir einhver gróður?
- Er hægt að safna pöddum í ílátið?
- Frýs vatnið?



Leikir: Boðhlaup.

Tilraunir: Tökum með okkur vatn úr Bakkatjörn og gerum tilraunir með vatnið hvað flýtur og hvað sekkur?

Vor við Bakkatjörn

Áður en lagt er af stað er börnunum skipt niður í hópa. Kennarinn kynnir verkefni hópanna. Verkefni hópanna gætu verið að annar hópurinn finni tvær fuglategundir. Lýsi t.d. hvað fuglarnir eru að gera, hvernig eru goggar og fætur á litinn, mismunandi lögun nefja, hvers vegna? Karlflugl/ kvenflugl er útlitsmunur á þeim? Hinn hópurinn finni tvær gróðurtegundir við tjörnina. Velta fyrir sér hvers vegna gróðurinn heitir þessum nöfnum? Hvers vegna eru svona margar háplöntur? Hver er útlitsmunurinn á þessum gróðri? Er einhver sem borðar þennan gróður?

Síðan vinna hóparnir ýtarlegt verkefni eftir þessa athugun og kynna fyrir hvor öðrum.

Leikir: Leikræn tjáning mismunandi hljóð fugla.

Tilraunir: Skoðum mismunandi fjaðrir.

Áður en skóla líkur er vinabekknum boðið að koma með og farið í ratleik að og við Bakkatjörn.

Foreldrum boðið með í eina ferð að Bakkatjörn. Þar kynna nemendur afrakstur vetrarins og farið er í leiki.

